

00.Afstöðumynd

1 : 500

Samantekt á brunavörnum
(Texti unnin af Mannviti hf. til birtingar á aðaluppdráttum)
Forsendur brunavarna
Um er að ræða breytingar á húsnæði við Dalbrekku 2-14, en þessar breytingar varða eingöngu hús nr. 4 og 6 (mhl.2), 2. – 5. hæð og á þessi lýsing eingöngu við um þennan matshluta. Verið er að innrétta gististað í flokki II, b: Stærra gistiheimili (2. gr 1277/2016) í atvinnuhúsnæði. Verið er að sækja um breytingu á flokkun mannvirkja úr flokki 1 í flokk 4. Gistirými verða leigð til ferðamanna í að hámarki 30 daga samfleytt í senn. Vinnubúðir/starfsmannabúðir eru ekki leyfilegar.
Brunavarnir í húsinu eru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum eftir því sem við á miðað við hús sem byggt er fyrir gildistöku reglugerðarinnar. Í samræmi við gr. 9.2.5. staðfestist að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru rýra ekki brunavarnir hússins né hluta þess á neinn hátt.
Burðarvirki
Í samræmi við töflur 9.10 og 9.11 í byggingarreglugerð skal burðarvirki fjölbýlishússins uppfylla R60 brunakröfu þar sem í húsinu er sjálfvirkt vatnsúðakerfi. Brunapol burðarvirkja skal hanna í samræmi við íslenska þolhönnunarstaðla.
Brunahólfun
Hvert herbergi er í sérstöku brunahólfi. Stigahús og þvottahús/ræsting eru jafnframt í sérstökum brunahólfum. Brunahólfandi veggir hafa EI60 brunamótstöðu og hurðir eru EI_2 30-CS_{200}.
Flóttaleiðir
Frá öllum herbergjum verða tvær óháðar flóttaleiðir. Þegar komið er fram á gang úr herbergjunum er val um flóttaleiðir í stigahús sem opnast beint út á 1.hæð eða út í flóttastiga. Skv. gr. 9.5.6 í byggingarreglugerð er hámarksgöngulengd að stigahúsi, óðru brunahólfi eða útgangi 30 m fyrir mannvirki í notkunarflokki 4. Þar sem húsið er með vatnsúðakerfi má lengja hámarksgöngulengdir um 30%. Hámarksgöngulengd er því 39 m. Göngulengdir frá öllum herbergjum eru innan þessara marka. Stigahúsið er skilgreint sem stigahús 1, þó það sé 5 hæðir þar sem ein íbúð opnast beint inn í stigahúsið. Aðgang fólks að flóttaleiðum telst vera öruggt þar sem að í húsinu er sjálfvirkt vatnsúðakerfi og alstaðar er hægt að velja um a.m.k. eina aðra flóttaleiðir, um útistiga og/eða út á svalir. Hurðir í flóttaleiðum skulu vera auðopnanlegar í flóttaáttina án þess að nota þurfi lykil eða önnur verkfæri. Á öllum hæðum þar sem hreyfihamlaðir komast ekki beint út er öruggt svæði. Öruggu svæðin verða staðsett í stigahúsinu og á gangi við flóttastigann. Ekki verður settur samskiptabúnaður á öruggu svæðin þar sem ekki var gerð krafa um öruggt svæði þegar húsið var byggt. Stigahúsið er í sérstöku brunahólfi og komi upp eldur þyrjar slökkviliðið ávallt á því að skoða stigahúsin. Á öruggu svæðinu við útgang út á flóttastiga geta hreyfihamlaðir látið vita af sér út um dyrnar. Út-flóttastiginn er 4 hæðir en hann endar í innigarði á 2.hæð.
Klæðninga r
Allar nýjar loft og veggklæðninga innanhúss verða í flokki 1. Gólfefni í flóttaleiðum stigahúsa uppfylla flokk C_fs-s1, en annarsstaðar flokk D_fs-s1. Utanhúsklæðningar verða í flokki 1. „Regnhlíf" á útveggjaklæðningu utan á húsið verður 4 mm Reynobond álplötuklæðning með FR kjarna sem flokkast í flokk 1, B-s1,d0. Þetta er frávik frá viðmiðunarreglu gr. 9.7.3 sem kveður á um að „regnhlíf" skuli vera úr A2-s1,d0 efni. Framleiðandi klæðningarinnar hefur gert stórskalaprófanir á þessari tiltekinni klæðningu sem sýndi fram á að klæðningin breiðir ekki út eld og eykur ekki hættu á samþruna milli hæða. Þetta frávik telst því ásættanlegt."
Brunaviðvörunarkerfi
Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi sem tengt er inn á viðurkennda vakstöð er í húsinu. Kerfið er viðurkennt númerað kerfi, hannað og aðlagað að breyttri notkun hæðarinnar í samræmi við reglur og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfisins er í anddyri á 1. hæð hússins. Við stjórnstöð skal vera yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið skal þjónustað af aðila viðurkenndum af HMS.
Slökkvikerfi
Í þessum hluta hússins sem um ræðir verður viðurkennt vatnsúðakerfi. Kerfið verður í samræmi við ÍST-EN 12845. Áhættuflokkun kerfisins verður OH1. Inntaksrými fyrir vatnsúðakerfi verður aðgengilegt beint utanfrá eins og fram kemur á aðaluppdráttum. Setja skal inndælingastúta og vatnsþjöllu fyrir utan inntaksrýmið í samræmi við ákvæði staðalsins. Boð frá vatnsúðakerfinu skulu berast til viðurkenndrar vaktstöðvar. Eftirlit með vatnsúðakerfinu skal vera í samræmi við lög og reglur. Gera skal þjónustusamning um viðhald og eftirlit sprinklersins við pípulagningameistara sem hefur réttindi.
Stigleiðsla og slökkvitæki
Í öll stigahús kemur stigleiðsla í samræmi við gr. 9.8.5 í byggingarreglugerð. Inndælingarstútur verður fyrir utan hvert stigahús. Inndælingarstútur skal vera vel merktur í samræmi við leiðbeiningar SHS og skal stúturinn hæfa tengingum slökkviliðs. Tengistútur fyrir slökkviliðið verður jafnframt á hverri hæð í brunastúkum fyrir framan herbergi. Stigleiðslur skulu vera a.m.k. 80 mm að innanmáli. Í öllum íbúðum og á völdum stöðum á göngunum skulu vera handslökkvitæki í samræmi við gr. 9.4.4. í byggingarreglugerð og skv. leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3. Handslökkvitæki skulu almennt vera 6 litra léttvatnstæki. Ekki verða sett upp slöngukefli þar sem húsið er búið vatnsúðakerfi.
Reyklosun
Reyklosun frá stigahúsi verður um reykklúgu efst í stigahúsinu, a.m.k. 1 m² að stærð. Reyklúgur í stigahúsi skulu opnast handvirkt með hnappi sem staðsettur er við inngangshæð inn í stigahúsið. Reyklosun út úr öðrum rýmum hússins er almennt í gegnum dyr og glugga á byggingunni.
Loftræsikerfi
Loftræsikerfi hússins skulu hönnuð í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og DS 428. Reiknað er með að hvert herbergi verði lofræst sjálfstætt fyrir sig þ.a. hætta á útbreiðslu reyks og elds á milli herbergja um loftræsikerfi verður ekki til staðar.
Brunaþéttingar
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af HMS til fyrirhugaðrar notkunar.
Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs er frá Dalbrekku.
Eigið eldvarnareftirlit
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 723/2017.

STÆRÐIR (brúttó):
Dalbrekka 2, 4-6, 8, 10, 12 og 14
MHL 01, 02, 03, 04, 05,06 og 07

	mhl	Flatarmál	Rúmmál
Dalbrekka 2	01	1.221,0m²	3.712,2m³
Dalbrekka 4-6	02	2.322,5m²	7.957,2m³
Dalbrekka 8	03	1.912,6m²	5.829,2m³
Dalbrekka 10	04	1.206,0m²	3.702,5m³
Dalbrekka 12	05	927,8m²	2.867,1m³
Dalbrekka 14	06	2.450,7m²	7.437,5m³
Samtals án bílakj:		**10.040,6m²**	**31.505,7m³**
Dalbrekka bílakj.	07	3.311,3m²	10.110,3m³
Samtals, heild		**13.351,9m²**	**41.616,0m³**
Lóðarstærð:		**4.377,0 m²**	

NHL án bílakjallara: 2,29
NHL með bílakjallara 3,05

VARMATAP OG U-GILDI BYGGINGARHLUTA

Reiknað U-Gildi byggingarhluta

Gluggar	1,4	W/m²K
Hurðir	2,2	W/m²K
Kjallaraveggir að jarðvegi	0,26	W/m²K
Steyptir útveggir, klæddir	0,37	W/m²K
Veggir að bílakjallara	0,40	W/m²K
Botnplata	0,20	W/m²K
Gólf íbúða að útilofti	0,24	W/m²K
Gólf að bílakjallara rými	0,22	W/m²K
Viðsnúið þak	0,20	W/m²K
Þak yfir geymslum	0,22	W/m²K
Reiknað vegið meðaltal		
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða	0,66	W/m²K
Reiknað varmatap á m² húss		
Varmatap á brúttó m² húss	0,58	W/m²K

BYGGINGARLÝSING :

Dalbrekka 2-14
Landnr. 114053
Staðgr.: 17100020

ALMENNT :
Skv. gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að reist verði samfelld íbúðar- og skrifstofubygging við Dalbrekku 2-14 með samtals 69 (sextíu og níu) íbúðum og verslunar- og þjónustu húsnæði.
Alls verða 69 íbúðir í fimm stigahúsum, Dalbrekka 2, 8,10,12 og 14.
Í stigagangi 2 verða 13 íbúðir, í stigagangi 8 verða 14 íbúðir, í stigagangi 10 verða 10 íbúðir, í stigagangi 12 verða 8 íbúðir og í stigagangi 14 verða 24 íbúðir. Húsið er að hluta til fimm hæða og að hluta til 8 hæða skv. deiliskipulagi. Stigagangar tengjast sameiginlegri bílageymslu á tveimur hæðum. Aðalaðkoma er um innganga á norðurhlið og inngang um port á austur- og vesturhlið og um bílageymslu. Inngeyslá í efri hæð bílageymslu er frá Dalbrekku og neðri er frá nafnlausri götu sem gengur til suðurs úr Dalbrekku, vestan við húsið. Bílastæði eru í bílageymslu, ofanjarðar að hluta til vestanmegin og norðanmegin og að hluta til í inngarði.
Verslunar- og skrifstofuhluti byggingarinnar er í húsnúmerum 4 og 6. Sá hluti er 5 hæðir og hefur einnig aðgang að bílgeymslum neðanjarðar sem og stæðum í götu.

ÍBÚÐIR:
Dalbrekka 2 er með inngang í stigahús frá bílageymslu á 1. hæð. Aðalinngangur er á 2.hæð úr inngarði. Geymslur eru á 1.-2.hæð. Á 2.hæð eru sorpgeymslur, hjóla- og vagnageymslur.
Dalbrekka 8 er með inngang í stigahús frá bílageymslu í kjallara og á 1.hæð. Aðalinngangur er um inngang á norðurhliðð. Geymslur eru í kjallara og á 1 hæð, sorpgeymslur, hjóla- og vagnageymslur eru á 1.hæð.
Dalbrekka 10 er með inngang í stigahús frá bílageymslu í kjallara og á 1.hæð. Aðalinngangur er um inngang á norðurhliðð. Geymslur eru í kjallara og á 1 hæð, sorpgeymslur, hjóla- og vagnageymslur eru á 1.hæð.
Dalbrekka 12 er með inngang í stigahús frá bílageymslu á 1.hæð. Aðalinngangur er uminngang á norðurhlið. Geymslur, hjóla- og vagnageymsla og sorp eru á 1.hæð.
Dalbrekka 14 er með inngang í stigahús frá bílgeymslu í kjallara og á 1.hæð. Aðalinngangur er á 2.hæð um inngarð. Geymslur eru á 1.-2.hæð.

Samantekt um stærðir íbúða.
Íbúðir eru á 2.-8.hæð.
Í heild í Dalbrekku 2-14 eru;
23 íbúðir tveggja herbergja.
33 íbúðir þriggja herbergja og
13 íbúðir fjögurra herbergja eða stærri.
Sjá nánar stærðir íbúða í skráningartöflu.
Íbúðir eru hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar.

Bílastæði: . Heildarfjöldi bílastæða er 140. Þar af eru 118 í sameiginlegum bílakjallara og 22 bílastæði á lóð, þar af eru 6 bílastæði í inngarði. Á kóði Dalbrekku 2-14 mun aðkoma að bílakjallara verða um norðurhlíð og vesturhlíð. Aðkoma að bílastæðum í inngarði verður um port vestanmegin, ekið er um nafnlausa götu til norðurs frá Dalbrekku. Gert er ráð fyrir 1,3 bílastæði á hverja íbúð skv. deiliskipulagi og ett stæði fyrir hverja 50m² í verslunar- og skrifstofuhúsnæði.
Bílastæði fatlaðra eru 5 fyrir íbúðahlutann og 3 fyrir atvinnuhúsin skv. byggingarreglugerð. Samtals 8 bílastæði fyrir fatlaða. Þar af eru 2 stór stæði skilgreind í inngarði og í götu við norð-austurhorn hússins, 6 bílastæði fyrir fatlaða eru í bílakjallara.

Botnplata er einangruð með 100mm einangrun.

Burðarþol, gólf og plata yfir bílakjallara þar sem bílastæði eru staðsett, frágangur. (Texti burðarþolshönnuðar Hrundar Einarsdóttur);
Plötur í bílageymslum (botnplata og millilplata í bílageymslu) verða staðsteyptar og með véslilpað yfirborð. Garðplata (plata yfir efri bílageymslu) verður staðsteypt með ábraddum pappa og u.þ.b. 30cm þykkri uppbyggingu með t.d. hellum, möl eða torfi. Plötur í íbúðum, sameignum og skrifstofu- og verslunarrýmum verða staðsteyptar og miðað er við að þær verði flotaðar með u.þ.b. 15mm þykku floti. Svalir verða forsteyptar. Þakplötur verða með hallandi steypuyfirborði og ábraddum pappa, einangrun leggst ofan á þappa og verður fergð með möl eða hellum.

Plötur eru hannaðar fyrir eftirfarandi notálög:

Bílageymslur - 2,5 kN/m^2 (flokkur F skv. töflu 6.7 í ÍST EN1991-1-1:2002)
Garðplata – 4,0 kN/m^2
Íbúðir – 2,0 kN/m^2
Svalir – 4,0 kN/m^2
Skrifstofur – 3,0 kN/m^2
Þakplötur – 1,0 kN/m^2 (snjóálag)

Plötur eru hannaðar fyrir eftirfarandi viðbótareiginþyngd, s.s. varanlegt álag á plötur að undanskilinni þyngd á steypu:

Bílageymslur - 0,3 kN/m^2
Garðplata – 6,0 kN/m^2
Íbúðir – 1,4 kN/m^2
Svalir – 0,5 kN/m^2
Skrifstofur – 1,6 kN/m^2
Þakplötur – 3,4 kN/m^2

Ekki er gert ráð fyrir aðkomu slökkviliðs- né sorpbíla að inngarði. Merkja skal hámarksöxulþunga þar sem aðgengi bíla er mögulegt skv. skilgeiningu burðarþolshönnuðar.

Útveggir eru staðsteyptir og einangraðir að utanverðu með 100mm steinullarplötum. Utan á einangrun er mismunandi klæðningarefni í mismunandi litum til þess að tryggja uppbrot og fjölbreytileika. Meðal klæðningaefna er, t.d. slétt og báruð álklæðning auk Steni-útveggjaklæðningar og Reynobond sléttplötuklæðning. Við svalir og innganga eru valdir kaflar klæddir viðarklæðningu, lerki. Frágangur útveggja að innan er með þeim hætti að þeir eru holufylltir og pússaðir undir málningu.

Gluggar og hurðir eru almennt ál/tré gluggar, útihurðir eru álhurðir nema brunalokandi hurðir í kjallara sem að hluta til eru stálhurðir.

Innveggir. Umhverfis blautkjarna eru innveggir gifsplötuveggir klæddir með rakavörðu gifsi. Aðrir eru hefðbundnir gifsplötuveggir, 12-15 cm á þykkt. Allar klæðningar eru í brunaflokki 1.

Svalir.
Svalahandrið eru úr galvanhúðuðu stáli. Annars vegar eingöngu úr stáli með rimlum og hins vegar úr stáli og klæddu með samlímdu oryggisgleri.
Niðurföll er á öllum svölum (SFN). Þau eru staðsett á teikningum svala í mkv: 1:20.

Svalaskýli Gert er ráð fyrir möguleika á svalalokanir verði á öllum svölum allra íbúða.
Glerlokun verði með einföldum glerskifum sem unnt er að opna að lágmarki 85% á einfaldan hátt. Þar sem svefnherbergi yrðu innan við svalaskýli væri loftrist í gleri sem tryggði fullnægjandi loftræsingu.

Þak öll þök eru einangruð á steinsteypta plötu með plasteinangrun („roofmade") í tveimur lögum, samtals 200 mm þykkt. Vatnshalla er náð með steypu 1:40.
Heilbrœðilur tjörupappi er undir einangrun á þökum, þaksvölóm og þakköntum. Kólnunartala þakflata er er 0,2 W/ m^2 °C, eða betri. Ovarinn þakpappi er í brunaflokki **T**. Yfirborð er núin sjávarmöl og/eða steyptar hellur. Frágangur þakplötu að innan er með þeim hætti að þær eru holufylltar og pússaðar undir málningu.

Aðal lagnaleiðir í húsinu eru í stokkum við baðherbergi og eldhús. Ofanvatn af húspökum og svölum er leitt í frárennslislagnir.
Heitt neysluvatn er upphitað gegnum varmaskipta. Einn varmaskiptir er fyrir hvert stigahús við inntak.

Hljóðvist. (Sjá meðfylgjandi skýrslu.)
Hönnunarforsendur fyrir hljóðvist miðast við að kröfur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 séu uppfyllar. Þar segir: „Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45 "

Hönnun byggingarinnar miðast að því að kröfur skilgreindar í flokki C í staðlinum ÍST 45 séu uppfylltar, í samræmi við ofangreint. Er þar m.a. gerð krafa um að hljóðeinangrun innbyrðis á milli íbúða sé að lágmarki 55 dB er þessu fullnægt með 200 mm steyptum veggjum. Á milli íbúða og verslunar- og skrifstofuhúsnæðis þarf hljóðeinangrun að uppfylla 60 dB að lágmarki. Er þessu náð fram með gifsklæðningum innan á veggi verslunar- og atvinnuhúsnæðisins.
Gengið er inn í íbúðir ýmist af lokuðum göngum eða svalagöngum. Ekki er talið að hætta sé á truflun vegna umgangs á sameign en hver til þrjár íbúðir deila hverjum gangi og eru þeir lokaðir og aðskildir stigahúsum. Gerð er krafa um að hurðir fram á gang séu 44 dB svo kröfur reglugerðar séu uppfylltar. Hafi íbúð lokað anddyri má slaka á þessari kröfu.
Um hávaða frá umferð gildir einnig reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Samkvæmt henni eru mörk fyrir hljóðstig vegna umferðar utan við húsvegg íbúðarhúsnæðis á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum 65 dB(A). Hljóðstig frá umferð innanhúss skal þá ekki vera meira en 30 dB(A). Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana hefur verið gerð hljóðvistarkönnun á svæðinu. Við hönnun hússins hefur verið gert ráð fyrir mótvægisaðgerðum vegna hávaða frá umferð, felst það m.a. í bættri hljóðeinangrun glugga þar sem þörf er á. Þrí þess krafist að gluggar uppfylli Rw + Ctr = 38 dB þar sem umferðarhávaði er mestur og einnig þar sem gluggar snúa inn á svalagang. Annarsstaðar er ýmist farið fram á að gluggar uppfylli Rw + Ctr = 35 dB og Rw + Ctr = 32 dB eftir því hvert afag vegna umferðarhávaða er miið. Þar sem þess er þörf er loftun rýma innan íbúða um hljóðdeyfðar loftrásir sem skulu hafa hljóðdeyfingu að lágmarki Dn,e,w(Ctr) = 33 dB svo svo tryggt sé að hljóðstig innanhúss sé innan marka.
Nánari upplýsingar um kröfur og aðgerðir er að finna í skýrslu um hönnunarforsendur hljóðvistar.

Sorp. Sorpgeymslur eru við eða nálægt inngöngum. Gert er ráð fyrir ígildi tveggja hefðbundinna tunna á hverja íbúð og er stærð sorpgeymsla miðuð við það.
Dalbrekka 2, 14 íbúðir x 2 tunnur= 28 tunnur. 9 gámar og ein tunna eru ígildi 28 tunna.
Dalbrekka 8, 14 íbúðir x 2 tunnur=28 tunnur. 9 gámar og ein tunna eru ígildi 28 tunna.
Dalbrekka 10, 10 íbúðir x 2 tunnur=20 tunnur. 6 gámar og tvær tunnur eru ígildi 20 tunna.
Dalbrekka 12, 8 íbúðir x 2 tunnur= 16 tunnur. 5 gámar og ein tunna eru ígildi 16 tunna.
Dalbrekka 14, 24 íbúðir x 2 tunnur= 48 tunnur, 16 gámar eru ígildi 48 tunna.
Sorpgeymsla fyrir verslunar- og skrifstofuhlutann er með aðgengi í vesturhlið.

Útsog. Íbúðir: Vélrænt útsog er frá lokuðum rýmum, baðherbergjum og eldhúsum og innblástur gegnum loftristar á svalhurðum og gluggum.
Geymslur: Vélrænt útsog er frá öllum geymslum skv. byggingareglugerð.
Sameiginleigir gangar eru loftræstir.
Sorpgeymslur eru loftræstar uppfyrir þak.

Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50.

Upphitun. Bílakjallari og sorpgeymslur eru óupphitaðar, önnur rými eru upphituð með ofnakerfi.
Affall heita vatnssins verður nýtt í snjóbræðslu við innganga og gangstétt við hús.

Aðgengi. Aðkomudyr eru með hindrunarlausa umferðarbreidd a.m.k. 0,83m og hæð 2,10m.
Dyr innanhúss eru a.m.k. 0,80m og hæð 2,0m.
Hæðarmunur inni og úti er mestur 25mm að meðtaldri hæð á bröskuldi. Við svaladyr þar sem hæðarmunur gæti verið meiri er útbúinn laus flái sem tekur upp hæðarmun. Fláinn tekur allt að 6 sm hæðarmun á 30 sm og er jafnbreiður og dyragat. Skoða skal hvert tilvik fyrir sig.

Á öllum baðherbergjum er þreplaus botn á sturtusvæði.
Mögulegt er að koma við hindrunarlausu 90cm breiðu svæði óeru megin við oil salerni. Eldhúsinnréttingar eru útfærðar þannig þar sem innréttingar eru tvíhliða að hægt er að fjarlægja skápa undan borðplötu óeru megin og þannig gefa rými fyrir hjólastólanotanda.
Það er sjálfvirkur hurðaopnari/hnappur við aðalinnganga húsanna og við innganga úr bílageymslu.
Bílastæði hreyfihamlaðra eru ætlið í sama fleti og gangstétt.

Lyftur. Ein lyfta verður í hvorum stigagangi með innanmál minnst 1,10 m x 2,10 m og burðargetu að lágmarki 1000 kg. Lyftustokkar verða loftræstir. Í stigagangi 8 er sett inn auka lyfta vegna þess að það hús er 8 hæðir.

Gler í gluggum og hurðum sem er nær gólfi/jörð en 60cm ásamt gleri í öllum aðalinngöngum er hert öryggisgler skv reglugerð.

Lýsing utandyra. Öll utanhúslýsing, þ.m.t. garðlýsing og lýsing aðkomusvæða verður látlaus, óbein og glýjulaus,
með afskermuðum lömpum.

Bílageymsla. Bílageymsla er hvítmáluð með góðri lýsingu. Bílageymslan er loftræst skv. reglugerð og reykræst og með vatnsúðakerfi (sjá nánar í samantekt á brunavörnum)

Snjóbræðsla á lóð. Snjóbræðsla er í bílastæðum hreyfihamlaðra, í aðal aðkomuleiðum að inngöngum og í gangstéttum við hús.

Lóð. Bílastæði og meginaðkomur innan lóðar eru malbikuð. Steyptur kantsteinn er á milli gangstétta og akandi umferðar. Sérmerkt bílastæði eru fyrir hreyfihamlaða. Gangstéttar verða hellulagðar. Leiksvæði barna verður þakið grasi nema undir leiktækjum þar sem fallhæetta er til staðar. Þar verður komið fyrir möl eða gúmmíhellum. Önnur svæði eru þakin grasi, plöntum og trjágróðri.

Lóðarhönnun: LANDMÓTUN sf
Hamraborg 12 – 200 Kópavogur

Samantekt á brunavörnum
(Texti unninn af Mannviti hf. til birtingar á aðaluppdráttum)
Forsendur brunavarna
Um er ræða samfellda íbúðar-, verslunar- og skrifstofubyggingu við Dalbrekku 2-14 sem felur í sér byggingar við Dalbrekku 2-14. Verslunar- og skrifstofubyggingin er við Dalbrekku 4-6 og telst vera 5 hæða bygging og fellur undir notkunarflokk 1. Fjölbýlishúsin við Dalbrekku nr. 2 telst vera sjö hæðir, nr. 6 fimm hæðir, nr. 8 átta hæðir, nr. 10 sex hæðir, nr. 12 fjórar hæðir og nr. 14 sjö hæðir. Fjölbýlishúsin falla undir notkunarflokk 3.
Brunavarnir hússins eru hannaðar í samræmi við grein 9.2.2-b í byggingarreglugerð nr. 112/2012, þ.e. á grundvelli ákvæða byggingarreglugerðarinnar með tilgreindum frávikum frá viðmiðunarreglum.
Brunaþol burðarvirkis
Í samræmi við töflur 9.10 og 9.11 í byggingarreglugerð skal burðarvirki fjölbýlishússins uppfylla R90 brunakröfu. Burðarvirki skrifstofuhúsnæðis skulu uppfylla R60. Allar svalir verða með steyptu gólfi og með R90 brunaþoli. Brunaþol burðarvirkja skal hanna í samræmi við íslenska þolhönnunarstaðla.
Brunahólfun
Allar íbúðir eru sjálfstæð brunahólf með EI90 veggi milli íbúða og EI60 veggi að stigahúsum og göngum. Hæðarskil eru REI90. Hurðir inn í íbúðir eru $EI_2$30-CS_{200}. Þar sem um sambyggð fjölbýlishús er að ræða með stærri grunnflöt en 600 m^2 þarf að skipta upp byggingunni með eldvarnarveggjum, REI 120-M, þannig að grunnflötur slíkra brunahólfa sé undir 600 m^2. Staðsetning á eldvarnarveggjum er sýnd á aðaluppdráttum.
„Stigahús 2" í samræmi við gr. 9.3.5 í byggingarreglugerð verða í fjölbýlishúsum sem eru hærri en 5 hæðir, þ.e. með brunastúku (gangi milli íbúða og stigahúss) á hverri hæð. Brunastúkurnar eru með EI60 veggjum og E30 gluggum og E30-CS hurð að stigahúsi. Fjölbýlishúsið við Dalbrekku 8 verður með öryggisstigahúsi, þ.e. „stigahúsi 3" í samræmi við gr. 9.3.6 en gengið er inn í stigahúsið um opið svæði auk þess sem stigahúsið tengist ekki kjallara. Lagnastokkar fyrir lagnir og loftræsingu verða í sjálfstæðum brunahólfum EI60 með a.m.k. EI30-S hurðum/lúgum. Í kjöllurum eru tæknirými, geymslur og hjóla- og vagnageymslur í sérstökum EI60 brunahólfum með $EI_2$60-CS_{30} hurðum.
Í verslunar- og skrifstofuhúsnæðinu sem er 5 hæða bygging verður „stigahús 1" en ekki er talin þörf á „stigahúsi 2" þar sem notkunareiningar munu ávallt hafa aðgengi að tveimur óháðum flóttaleiðum sem liggja allt út undir þert loft á jarðhæð, þ.e. um stigahús auk flóttastiga sem er utandyra.
Gert er ráð fyrir að íbúar geti sett svalaskýli á svalir. Svalaskýli skulu sett upp í samræmi við grein 9.6.17 í byggingarreglugerð. Brunahólfandi skil á milli tveggja aðliggjandi svalaskýla skal uppfylla EI60. Sé ekki sett upp svalaskýli er ekki þörf á þessari brunahólfun. Milli svalaskýlis og íbúðar skal vera reykþéttur byggingarhluti sem óheimilt er að fjarlægja eða opna á annan hátt. Opnanlegir gluggar á svalaskýlum skulu vera rennigluggar eða hliðarhengdir gluggar með að lágmarki 2 m^2 opnunarflatarmál og minnsta kantmál ops 1,0 m. Opnunarbúnaður skal sambykktur af Mannvirkjastofnun.
Bílageymslan verður sjálfstætt brunahólf, aðskilið frá öðrum rýmum með amk. EI90 veggjum. Brunastúkur verða á milli bílgeymslu og annarra rýma með $EI_2$60-CS_{30} hurðum bílgeymslumegin og $EI_2$30-CS_{30} húsmegin. Brunastúkur skulu vera í samræmi við grein 9.6.27 þe. ekki mjórri en 1,3m og lengd á bilinu 2 til 6 metrar. Brunapol brunahólfandi hurða, veggja og hæðarskila er sýnd á teikningum.
Flóttaleiðir
Frá öllum íbúðum verða tvær óháðar flóttaleiðir, önnur um stigahús og hin út á svalir sem búnaður slökkviliðs nær til. Frá skrifstofum verða jafnframt alltaf a.m.k. tvær flóttaleiðir, inn í stigahús eða út í flóttastiga utandyra. Gert er ráð fyrir að taeki slökkviliðsins, stigar garðmegin og körfubílar götumegin nái upp í svalir allra íbúða. Gert er ráð fyrir að hreyfihamlaðir sem ekki geta farið niður stiga af sjálfsdáðum geti beðið hjálpar í sínum íbúðum eða svölum. Einnig eru „öruggu svæði" fyrir fatlaða í öllum stigahúsum.
Frá bílgeymslunni verða merktar tvær flóttaleiðir í sitthvorum endanum og opnast beint út. Dyr í flóttaleiðum skulu alltaf vera opanlegar í flóttaáttina. Ef raflæsing er á hurðum í flóttaáttina skal vera hægt að opna þær með grænum brotarofa við hlið hurðarinnar sem merktur er „Neyðaropnun". Hurðirnar skulu aflæsast í straumleysi. Frá öllum stöðum í bílgeymslunni verða því amk. tvær óháðar flóttaleiðir þar sem göngulengd í næsta útgang styttri en 45m.
Neyðarlýsing
Í stigahús og ganga fyrir framan íbúðir verður sett neyðarlýsing í samræmi við grein 9.4.12 í byggingarreglugerð 112/2012. Ekki er gerð krafa um sérstakar leiðarmerkingar skv. meginregla nr. 3 greinar 9.5.11 í byggingarreglugerð 112/2012.
Klæðninga r
Allar loft og veggklæðninga innanhúss bæði í fjölbýlishúsinu og bílgeymslu verða í flokki 1 og bakklæðninga í flokki B_{ROOF}(t2). Utanhúsklæðningar verða í flokki 1 og festingar verða úr A-efnum.
Viðarklæðningar úr lerki verða settar innan á veggi svala á völdum stöðum. Umfang viðarklæðninga verður þannig að hætta á útbreiðslu elds á milli hæða eða íbúða teljist hverfandi. „Regnhlíf" á útveggjaklæðningu utan á Dalbrekku 4-6 sem er 5. hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði kemur 4 mm Reynobond álplötuklæðning með FR kjarna sem flokkast í flokk 1, B-s1,d0. Þetta er frávik frá viðmiðunarreglu gr. 9.7.3 sem kveður á um að „regnhlíf" skuli vera úr A2-S1,d0 efni. Framleiðandi klæðningarinnar hefur gert stórskalaprófanir á þessari tiltekinni klæðningu sem sýndi fram á að klæðningin breiðir ekki út eld og eykur ekki hættu á samþruna milli hæða. Þetta frávik telst því ásættanlegt."
Reykskynjarar
Í allar íbúðir skal setja staka reykskynjara með hljóðgjafa í samræmi við grein 9.4.3 í byggingarreglugerð.
Stigleiðsla, slökkvitæki og slöngukefli
Í öll stigahús kemur stigleiðsla í samræmi við gr. 9.8.5 í byggingarreglugerð. Inndælingarstútur verður fyrir utan hvert stigahús. Inndælingarstútur skal vera vel merktur í samræmi við leiðbeiningar SHS og skal stúturinn hæfa tengingum slökkviliðs. Tengistútur fyrir slökkviliðið verður jafnframt á hverri hæð í brunastúkum fyrir framan íbúðir. Stigleiðslur skulu vera a.m.k. 80 mm að innanmáli. Í allar íbúðir skal setja eitt handslökkvitæki, t.d. 6 L léttvatnstæki. Í bílgeymslu verða sett slöngukefli sem ná um alla geymslunna. Staðsetnng slangna er sýnd á grunnmynd.
Slökkvikerfi
Sett verður viðurkennt vatnsúðakerfi í bílgeymslunna í samræmi við ÍST-EN12845. Áhættuflokkun kerfisins verður OH2. Inntaksrými fyrir vatnsúðakerfi verður aðgengilegt beint utanfrá eins og fram kemur á aðaluppdráttum. Setja skal inndælingastúta og vatnsþjöllu fyrir utan inntaksrýmið í samræmi við ákvæði staðalsins. Boð frá vatnsúðakerfinu skulu berast til viðurkenndrar vaktstöðvar. Eftirlit með vatnsúðakerfinu skal vera í samræmi við lög og reglur. Gera skal þjónustusamning um viðhald og eftirlit sprinklersins við pípulagningameistara sem hefur réttindi.
Reyklosun
Reyklosun frá stigahúsum verður í gegnum opnanleg fóg á hverri hæð, sem verður með a.m.k. 0,25 m^2 opnunarflatarmál. Lyftustokkar verða reyklosaðir með lúgum upp úr þaki og skulu hafa 0,75m^2 opnunarflatarmál. Lúgurnar skulu opnast sjálfvirkt við boð frá reykskynjurum sem eru staðsettir efst í hverjum lyftustokki. Reyklosun frá geymslurýmum í kjallara fjölbýlishúsanna verður um dyr og sérstakar reyklúgur samtals a.m.k. 0,5% af grunnflatarmáli. Reyklúgur verða hver um sig a.m.k. 0,25 m^2 að flatarmáli. Reyklosun út úr öðrum rýmum hússins er almennt í gegnum dyr og glugga á byggingunni. Reyklosun frá bílageymslunni verður um keyrsludyr auk þess um reyklosunarop með amk. 1m^2 opnunarflatarmáli verða í þaki austurenda geymslunnar, fjærst keyrsludyrum.
Loftræsikerfi
Brun